

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 21. desember 1989

um fimmtu breytingu á tilskipun 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur

(89/679/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr. a.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í tilskipun 76/768/EBE ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/667/EBE ⁽⁵⁾, eru settar fram reglur að því er varðar aðlögun að tækniframförum, eins og mælt er fyrir um í tilskipuninni, um málsmeðferð til að koma á náinni samvinnu milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar með nefnd sem sér um að breyta, í samræmi við tækniframfarir, tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum á viðskiptum með snyrtivörur.

Málsmeðferð nefndarinnar gildir til 31. desember 1988 að því er varðar III. og VII. viðauka. Rétt er að lengja gildistíma málsmeðferðar þessarar um óákveðinn tíma.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Önnur undirgrein 2. mgr. 8. gr. við tilskipun 76/768/EBE falli niður.

2. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. desember 1989.

Fyrir hönd ráðsins,

E. CRESSON

forseti.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 214, 16. 8. 1988, bls. 16.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 47, 27. 2. 1989, bls. 81, og Stjttíð. EB nr. C 256, 9. 10. 1989, bls. 68.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. C 56, 6. 3. 1989, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 169.

⁽⁵⁾ Stjttíð. EB nr. L 382, 21. 12. 1988, bls. 46.